Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks íslands/Marxista-Lenínista

STÉTTABARÁTTAN VIKUBLAÐ MÁLSVARI VERKAFÓLKS!

Ársáskrift ....3000kr.
Hálfsársáskrift........1800kr.
Ársfjórðungsáskrift.... 1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)..........5000kr.

21. tölublað | Þriðjudagur 7. juni | 6. árgangur | Verð kr. 60.

Allsherjarverkfallið í Reykjavík

Allsherjarverkfall var á Stór-Reykjavikursvæðinu 3. juni. Verkalyðsfelögin voru flest með starfandi verkfallsvaktir en þær höfðu litið að gera að þessu sinni, því atvinnurekendur höfðu litla astæðu til að hætta ser ut i að brjota verkfallið. Svo langan tima hafa þeir haft til undirbunings og einnig eru þeir hræddir við að styggja verkafolkið sem hefur synt afl sitt með skæruverkföllunum og með því að taka frumkvæðið i sinar eigin hendur. Þo voru framin minni hattar verkfallsbrot, en verkfallsverðir stöðvuðu vinnu verkfallsbrjotanna strax og þeir frettu af þeim. Astæða er til að folk se vakandi fyrir brotum a yfirvinnubanninu og verkföllum og tilkynni þau strax til verkalyðsfelaganna.

Dagsbrún með opið hús

Dagsbrunarverkamenn höfðu akveðið undirskriftasöfnun til að krefjast felagsfundar þar sem rætt yrði: 1) Gangur samninganna 2) Barattuaðferðir i kjaradeilunni 3) Önnur mal. Su undirskriftasöfnun var onauðsynleg að þessu sinni því Dagsbrun var með Opið hus i Lindarbæ þennan dag. Þar voru kaffiveitingar, skemmtiatriði og opin mælendaskra. Greinilegt var að mikill hugur er nu i mönnum því fyrir fullu husi heyrðist engin rödd sem vildi gefa harsbreidd eftir, en margir eru oanægðir með forystuna og gang mala. Það veikleikamerki forystunnar að snua baki við barattunni fyrir því að verkamenn geti lifað af dagvinnutekjum veldur því að mörg'um barattufusum verkamanninum sviður Nu er um að gera að láta kné fylgja kviði og halda felagsfundi i verkalyðsfelögunum um allt land en því hefur verið storlega abotavant. Þetta Opna hus se mjög jakvætt spor a braut sem stjornin ætti að halda ser við er það ekki akvarðanatækt um framkvæmdir. Felagsfundur i Dagsbrun hefur ekki verið haldinn siðan 24 april en timinn sem liðinn er hefði att að gefa astæðu til fleiri funda en nokkru sinni fyrr i araraðir.

Baráttan gegn verkfallsbrjótunum

Eitt var það félag sem ekki sat auðum höndum nokkra stund i verkfallinu i Reykjavík. Það var Felag starfsfolks i veitingahusum. Þetta félag, sem

Framhald a bls. 2



Frá útifundi Baráttueiningar í Reykjavík 1. maí 1977. Aðalkrafa Baráttueiningar var lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku. Þetta er sú krafa sem verkafólk fylkir sér um.

Gefum hvergi eftir

Verköll eru barattutæki verkalyðsins sem hann beitir af neyðarorsökum i vörn gegn yfirgangi og ofsoknum borgaranna. Þær birtast i hinum margvislegustu myndum s.s launaskerðingum, sihækkandi opinberum gjöldum og gifurlegri verðbolgu. Þetta þrennt leiðir ohjakvæmilega af ser lengingu vinnudagsins hja því verkafolki sem er það mögulegt. A kreppu timum leiðir minnkandi groði auðherrans vegna þess að hann neyðist til að selja vöruna langt undir gildi(kostnaðarverði) og að markaðurinn fyllist vegna hinnar hörðu samkeppni, til þess að framleiðslan dregst mikið saman eða stöðvast. Afleiðingin er aukin byrði verkafolksins , örbirgð og atvinnuleysi innan um allsnægtir sem of mikið hefur verið framleitt af. Verkafolk i auðvaldsþjoðfelagi borgarastettarinnar ber enga abyrgð a taumlausri gróðafikn auðherranna. En borgararnir með dyggum stuðningi stettasamvinnumanna innan raða verkalyðsins segja því að taka abyrga afstöðu, herða sultarolina auka við sig vinnuþrældominn og brjota nu ekki niður "þjoðarbuið" með því að fara i verkföll sem skerða groða auðmannanna og neyða þa til að semja um mannsæmandi kjör til handa alþyðunni.

Verkföll verkafolks

Það hefur synt sig að grundvallarmunur er a þeirri skæruverkfallsbarattu sem hafnarverkamenn komu a stað og syndarverkföllum ASI forystunnar. Skæruverkföllunum var hrundið af stað til að vekja og auka stettarmeðvitund verkafolks.

Tilgangur verkamannanna var að lata atvinnurekendur finna fyrir skæðasta verkfallsvopninu og til að lysa oanægju með starfshætti og stettasamvinnustefnu ASI forystunnar.

Ætlunin var að þessu vopni yrði beitt og það ekki bara til að knyja fram 115þusund (en krafa ASI er nu orðin að þeirri tölu) heldur til að krefjast lifvænlegra launa fyrir dagvinnu. Hvort skæruverkföllin eru lögleg eður ei stendur engin spurning um því i augum atvinnurekenda er vinnulöggjöfin litið annað en pappirsgagn, það sanna mymörg dæmi um brot þeirra a henni. Nu notfæra þeir ser hana til að reyna að höfða til löghlyðni verkafolks og sla vopnið ur höndum þess. En sigur þeirra er timabundinn, skæruverkfallsvopnið er enn til staðar hvenær sem verkafolk tekur sig saman um að beita því og það verður örugglega gert.

Starfshættir ASÍ forystunnar

Þegar út í verkföll er farið á að beita þeim þar sem þau bera skjotastan arangur og knyja atvinnurekendur til hagstæðra samninga fyrir verkalyðinn. Verkalyðsstettin leggur af skorti sinum og neyð, knúin af arðráni og kugun út i þessa barattu. En ASI forystan sem alltaf gengur erinda atvinnurekenda meðal verkafolks gerir allt sem i hennar valdi stendur til að draga barattuna a langinn. Hun ber ekki einungis klæði a vopn verkafolks heldur rogast einnig með skjöldinn fyrir atvinnurekendur. Að forysta verkalyðsins skuli standa gegn honum i hita barattunnar synir að eining verkalyðsins a stettargrundvelli næst ekki fyrr en nyir traustir menn eru fengnir til að leiða barattuna sem fjöldabarattu. Stettasamvinnumenn eru klofningsmenn sem kljufa barattueininguna. ASI hefur nu tekið upp afbrigði "skyndiverkfalla" sem boðuð eru með löngum fyrirvara og þar af leiðandi miklu mattlausari aðeins til að reyna að koma i veg fyrir skæruverkföll. En það er okkar að læra af reynslu fyrri ara og taka upp barattuna svo við verðum ekki svelt til hlyðni.

DAGSKRÁ 40. sjómannadagsins

Dagskrá við Hrafnistu

1. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur frá kl. 13.30, stjórnandi Hans Ploder Fransson.
2. Athöfnin sett og kynnt. Kynnir: Anton Nikulásson.
3. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur Íslands Hrafnistumenn.
4. Pétur Sigurðsson, form. Sjómannadagsráðs í Reykjavík og Hafnarfirði, flytur ávarp og les hornsteinsskjal.
5. Matthías Bjarnason, heilbrigðis- og tryggingaráðherra, leggur hornstein og flytur ávarp.
6. Kirkjukór Hafnarfjarðar syngur sálm, stjórnandi Páll Kr. Pálsson.
7. Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, flytur vígsluórð og bæn.
8. Lúðrasveit Hafnarfjarðar leikur þakkargjörð eftir Sigfús Halldórsson, sem hann tileinkaði Sjómannadeginum 1972.
9. Húsið opnað til sýnis fyrir almenning til kl. 19.00.

Dagskrá í Reykjavík, sunnud. 5. júní

08.00 Fánar dregnir að húni á skipum í Reykjavíkurhöfn.
10.00 Leikur Lúðrasveit Reykjavíkur létt lög við Hrafnistu.
11.00 Sjómannamessa í Dómkirkjunni. Biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, minnist drukknaðra sjómanna, séra Hjalti Guðmundsson þjónar fyrir altari. Magnús Jónsson, Dómkórinn í Reykjavík og Dómkórinn í Gautaborg syngja; organisti Ragnar Björnsson.
Blómsveigur lagður á leiði óþekkta sjómannsins í Fossvogskirkjugarði.

Hátíðahöldin í Nauthólsvík

13.30 Leikur Lúðrasveit Reykjavíkur.
13.45 Fánaborg mynduð með fánum stéttarfélaga sjómanna og íslenskum fánum.
4.00 Ávörp:
a. Fulltrúi ríkisstjórnarinnar, Matthías Bjarnason, sjávarútvegsráðherra.
b. Fulltrúi útgerðarmanna, Jónas Haraldsson, skrifstofustjóri L.Í.Ú.
c. Fulltrúi sjómanna, Pétur Sigurðsson.
d. Garðar Þorsteinsson, ritari Sjómannadagsráðs, heiðrar sjómenn með heiðursmerki dagsins.
Þulur og kynnir, Anton Nikulásson.

Kappróður o.fl.:
1. Kappsigling
2. Kappróður
3. Björgunar- og stakkasund
4. Koddaslagur
5. Þyrla Landhelgisgæslunnar sveimar yfir Nauthólsvík.

Sjómannadagur dagur sjómanna?

Um siðustu helgi var fertugasti sjomannadagurinn haldinn hatiðlegur um land allt. A flestum stöðum talaði fulltrui utgerðarmanna um hetjur sjavarins og formenn sjomannadeilda og felaga reifuðu kjaramalin og minntust latinna felaga. Sjomannadagsrað Reykjavikur og Hafnarfjarðar helt tveggja daga hatiðarhöld i tilefni afmælisins. Dagskra þessarra hatiðarhalda var hreint ut sagt hneyksli og ovirðing við alla sjomenn. Er hún birt her stjorn raðsins til haðungar.
Það er hneyksli að i tveggja daga hatiðardagskra með luðrablæstri og salmasöng skyldi aðeins tvisvar hafa verið smuga fyrir ræðumann ur röðum sjomanna. Og það er hrein ovirðing fyrir sjomenn að i bæði skiptin skyldi verða fyrir valinu Petur Sigurðsson alþingismaður sem hamingjusamlega hefur verið sparkað ur öllum trunaðarstörfum a vegum Sjomannasambandsins. framhald síðu 3.

Rafvirkjar hjá Reykjavíkurborg í verkfalli

Félag íslenskra rafvirkja hefur boðað verkfall hja Reykjavikurborg fra og með 6. juni. Ekki er akveðið hvenær því likur. Þetta verkfall er sennilega eina verkfallið sem boðað er með þessum hætti, og eina verkfallið sem er otimabundið. Þetta verkfall er boðað með þessum hætti til að leggja aherslu a nokkrar serkröfur, sem samningamenn Reykjavikurborgar hafa ekki fengist til að ræða. Mikilvægust er þo aðalkrafan um að Reykjavikurborg viðurkenni nu Felag islenskra linumanna, sem samningsaðila fyrir þa linumenn sem vinna hja Reykjavikurborg Hingað til hefur samninganefnd borgarinnar, serstaklega Magnus Oskarsson þverskallast við og neitað allri umræðu um þetta sjalfsagða rettindamal. Það ma meðal annars benda a að rikið hefur gert samning við Linumannafelagið og þar eru linumenn því töluvert hærra launaðir en hja Rvk. borg. Það verður að teljast nokkuð einkennilegt þegar litill hopur manna neyðist til að gripa til þessarra aðgerða aðeins vegna duttlunga eins manns, Magnusar Oskarssonar. Ef samningar Felags islenskra linumanna nast i gegn væri það töluverð kjarabot fyrir 10 eða 12 manns sem færu a þessa samninga, en þetta er samt tiltölulega litil hækkun fyrir borgina ef miðað er við heildar launakostnaðinn. Allavega verður ekki seð að Reykjavikurborg komist lettar fra þessu með því að fa a sig verkfall, sem stifni þeirra hefur nu leitt til. Magnus Oskarsson og co. hafa verið að reyna að ljuga því til i Mogganum að þeir hafi gert einhverjaserstaka samninga við Dagsbrun fyrir þessa menn. En sannleikurinn er sa að i siðustu samningum "gleymdu" Guðmundur J. og Magnus O. að semja um kjör þessarra manna eins og þeir höfðu þo lofað. Siðan þa hefur Rafmagnsveita Reykjavikur, en þar vinna þessir linumenn, reynt bæði með hotunum og loforðum að gera þessa menn að fastraðnum starfsmönnum. Verkstjorar og aðrir yfirmenn RR hafa tekið þessa menn fyrir einn og einn og latið þa vita, undir ros að framtiðarstarf byggðist a því hvort þeir væru a samningum BSRB eða ekki. Með þessum og öðrum alika aðferðum hefur þeim tekist að fa örfaa til að gerast fastraðnir starfsmenn, en allur þorrinn hefur algjörlega neitað öllum undanslætti og mun ekki gefast upp þratt fyrir hotanir Magnusar O og co. Samstaðan mun sigra.

LEIÐARI:

Láglaunastefnan

Helsti boðskapur ASÍ í þessum kjarasamningum er að minnka þann tekjumun sem fyrir hendi er i þjoðfelaginu. Þessi aætlun ASI, að raðast gegn ranglatri tekjuskiptingu i þjoðfelaginu, er ekki aðeins sanngjörn, heldur lika nauðsynleg.

Það er því mikilvægt að þessi baratta nai raunverulegum arangri. En hvernig er þa staðið að því að hrinda þessari stefnu i framkvæmd?

Su aðferð sem ASI kaus að nota var að setja fram kröfuna um að lægstu laun hækkuðu upp i 100þus. kr. a manuði, en önnur laun þar fyrir ofan attu að hækka um sömu kronutölu. Ef við horfum framhja því að þessi krafa gerir rað fyrir því að verkafolk afli 30% teknanna með yfirvinnu, en litum aðeins a það hvernig þessarri kröfu er ætlað að minnka tekjumuninn. Þa verður fyrst að athuga hvaða tekjumun minnkar þessi krafa. Ju svarið er einfalt. Launajöfnunarstefna ASI minnkar aðeins þann auðsæja mun sem er milli utgefinna taxta verkalyðsfelaganna en hreyfir vart við öðrum þattum þessa mals. Þessi odyra lausn ASI forystunnar er ekki nema halfur sannleikur inn. Tekjuskiptinguna i þjoðfelaginu er ekki einfaldlega hægt að lesa ut ur launatöxtum verkalyðsfelaganna. Þar kemur t.d. ekkert fram um að konur hafa 50% lægri laun en karlar og þann launamun leiðrettir jafnlaunastefna ASI ekki. I kauptöxtunum kemur heldur ekkert fram um "launamuninn" milli verkafolks og atvinnurekenda, en þar er einmitt að finna hinn raunverulega launamun i þjoðfelaginu. Ef ASI hefði haft raunverulegan ahuga a að minnka launa muninn i þjoðfelaginu þa hefðu þeir i fyrstu hönd snuist gegn tekjumuninum milli atvinnurekenda og verkafolks en i öðru lagi tekjumismuninum innan verkalyðshreyfingarinnar. Raunar ætti það ekki að vera annað en einfalt framkvæmdaratriði að minnka þann tiltölulega litla mun.

I stað þess að beina spjotunum inn á við hefði nu átt að setja kröfuna um lifvænleg laun fyrir dagvinnu og að þau laun væru þa skattfrjals. Ef við ætlum okkur að jafna tekjumismuninn i þjoðfelaginu þa verðum við að snua okkur að honum þar sem hann er að finna.

Það verður aldrei mikill arangur af barattunni ef við gerum minnihattar atriði að aðalatriðum, en gleymum aðalatriðunum.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að megintekjumunurinn i þjoðfelaginu er milli verkafolks og atvinnurekenda. Það sjaum við best a því að a Islandi er þjoðarframleiðslan a mann su þriðja hæsta i heiminum, en launin eru samt einhver þau lægstu sem þekkjast. A þessu sjaum við að aðalatriðið er ekki að leiðretta nokkur hundruð þúsund króna launamun milli ofaglærðra og faglærðra verkamanna. Aðalatriðið er að minnka þann milljona mun sem er a milli launafolks og atvinnurekenda.

Fyrsta skrefið i þeirri barattu er að ná fram lífvænlegum launum fyrir dagvinnu og skattlagningu a auðherrana i stað verkafolks.

5/6 1977.

Nýjustu fréttir!!

Hinir geysivinsælu gíróseðlar Stéttabaráttunnar eru brátt að leggja upp í enn eina hringferð um landið. Nokkrir áskrifendur virðast enn ekki hafa efni á að greiða að fullu gjöld sín fyrir '76, en þeim skal bent á að eftir því sem málstaður blaðsins vinnur á, fá þeir gjöld sín endurgoldin.

Kvartanir hafa borist undan slæmum frágangi og útliti á blaðinu. Áður en blaðið kemur í póstkassann þinn, hefur ýmislegt skringilegt skeð. T.d. hefur blaðið verið vélritað, sett upp, prentað, blaðað, límt, skorið, brotið, merkt og sent út. Fyrir nú utan það að greinar hafa verið samdar, en við það mættu lesendur vera duglegri. Allt þetta kostar tíma og- merkilegt nokk - peninga. Eins og sjá má er ritvélin okkar orðin lúin, en það stendur til bóta frá næsta blaði.

Að lokum lesendur góðir, kjörorð okkar allra er: BORGUM BLAÐIÐ - BÆTUM BLAÐIÐ!

HVERNIG KEMST ÞÚ I SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS/ML?

Miðstjorn og ritstjorn Stettabarattunnar: simi 27810 og postholf 1357 121 R. einnig i Rauðu Stjörnunni bokabuð, Lindargötu 15 opin mánud. til föstud. kl. 15:00 - 18:30.

Hafnarfjörður Fjola Rögnv. Reykjavikurvegi 24

Akureyri Jon Atli jatvarðsson Hafnarstræti 23

Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10, Hellissandi.

Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðastræti 7.

Neskaupsstaður: Messiana Tomasdottir, Þiljuvöllum 38.

Suðurnes: Einar Jonsson Solvallagötu 40c, Keflavik.

Allsherjarvekfallið FRH...

telur 400manns en ætti að telja um 800, hefur verið alveg dautt og staðið utan við alla barattu þar til i vetur. Þa tok barattufust folk sem var óanægt með starfsleysi stjornarinnar sig saman og bauð fram lista. Þau sigruðu glæsilega og siðan hefur felagið haldið 12fundi með atvinnurekendum og nað því fram með harðfylgi að hafa nu alika kaup og folk i fiskvinnslu, en þau voru 4 töxtum neðar en lægsti taxti Dagsbrunar. Svo mikið hefur aunnist og þo er enn langt i land.

Eigendur veitingahusa hafa vanist því að geta brotið boðuð verkföll an þess að nokkur hafi skipt ser að því. Þeir heldu uppteknum hætti ymist meðvitað eða omeðvitað og kom þeim það mjög a ovart að verkfallsverðir skyldu labba sig inn til þeirra og athuga hvort farið væri að lögum.

Þar sem verkfallsverðir urðu varir við verkfallsbrot lokuðu þeir staðnum og limdu upp miða þess efnis. Ekki voru eigendur veitingastaðanna a eitt sattir með þetta og opnuðu t.d. Oðal, Brauðbær og Skrinan aftur, þo svo þeir hefði fyrirgert retti sinum til að hafa opið. Var sett a verkfallsvarsla fyrir utan þessa staði.

Verkfallsvörslu Dagsbrunar var tilkynnt að komið hefði til ataka fyrir utan Skrinuna og þratt fyrir að Guðmundur J Guðmundsson segði að 100 manns þyrfti til að loka hverjum stað, for varslan til aðstoðar. Verkfallsverðir höfðu yfirhöndina a öllum stöðunum enviðbrögð eigenda Oðals voru þannig að Dagsbrunarmenn akvaðu að setja a hann aðflutningsbann með löglegum fyrirvara. I Brauðbæ var eigendanum svo annt um aurana sem hann hafði fyrirgert retti til að græða, að hann reðst a konu sem stoð vörð og siðan i illsku sinni með spörkum a aðra verði sem stoðu i dyrunum. Hann asamt eigenda Oðals sem hafði staðið fyrir utan og verið með ospektir líka voru fljotlega yfirbugaðir af verkfallsvörðunum og færðir innfyrir af lögreglunni. Klukkan 8 fellst eigandinn a að loka Brauðbæ.

Varslan við Cesar

Tilkynning var sett í útvarpið um kvöldið til að skora a felaga i ASI að koma til aðstoðar við að loka þeim vinveitingahusum sem brytu verkfallið. Fljotlega safnaðist stor hopur a skrifstofu felagsins og þaðan voru skipulagðir hopar a hvern stað. Reyndust þeir staðir sem opið höfðu vera löglegir nema Cesar. Þar hafði verkfallið verið brotið þannig að eigendurnir höfðu latið þrifa staðinn um daginn. Reyndu þeir sem i dyrunum stóðu að æsa upp drukkið folk sem var komið til að skemmta ser og fa það til að raðast a verkfallsverðina. Kom þa til harðra ataka og urðu sumir af þeim alkohólþyrstu sér til storskammar en verkfallsverðirnir stoðu þett saman og hleyptu engum inn nema þeim sem þatt toku i samningaviðræðum sem foru fram fyrir innan. Cesar hefur aldrei viðurkennt felagið sem samningsaðila en klukkan langt gengin i 11 þegar verkfallsverðir höfðu algerlega nað undir sig tröppunum fyrir utan baðst eigandi Cesar, Herluf Clausen jr. afsökunar fyrir hönd Cesars og að hann skyldi abyrgjast að þetta kæmi aldrei fyrir aftur. Þar með viðurkenndi hann felagið og þo svo að sart hafi verið fyrir verkfallsverðina að vikja fra eftir að hafa sigrað, ma segja að fullkominn sigur hafi naðst enda var samstaðan goð. Að lokum ma geta þess að hefðu þjonar ekki svikist undan merkjum hefði enginn þessarra staða get að haft opið.

Samninganefnd ASÍ úthlutaði starfsfolki i veitingahusum miðvikudegi sem verkfallsdegi i starfsgreinaverkföllunum. Þotti folki þetta kyndug raðstöfun því t.d. væru öll vinveitingahus lokuð a miðvikudögum. Trunaðarmannarað Felags starfsfolks i veitingahusum hefur nu til athugunar að flytja verkfall sitt yfir a fimmtudag eða laugardag.

Vietnam........

Framhald af baksíðu

trúa PLO hér á landi og hlutverk hennar se að styðja frelsisbarattu Palestinuaraba og vinna að viðurkenningu PLO. Trotskyistum og salufelögum þeirra fannst hins vegar afar mikilvægt að i skrifum um Palestinu væri greint fra öllum þeim "straumum" og lækjarsprænum sem til væru i palestinskum stjornmalum. Það er stor spurning sem folk verður að ihuga er það hyggst styðja frelsisbarattu uti i heimi: Hvort er mikilvægara að utlista fyrir folki straumfræði i stjórnmalum einstakra landa, eða að styðja baráttu alþyðunnar gegn arðrani og kugun og fyrir þjoðlegu sjalfstæði?

Ljost er eftir raðstefnuna að erfitt getur orðið um samstarf við hin nyju samtök. T.d. getur Palestinunefndin ekki starfað innan þeirra, en eftir er að reyna a hvernig tekst til um samstarf um blaðautgafu.

Þá er enn ógreint frá stefnuskra þessarra samtaka. Þar segir i annarri malsgrein: "Höfuðandstæðingurinn i þessarri barattu er heimsvaldastefna Bandarikjanna og tengdra rikja." Felld var breytingartillaga um að þarna segði:"Andstæðingurinn i þessarri barattu er heimsvaldastefnan hvar sem hún kemur fram". Töldu andstæðingar breytingarinnar að hun gæfi hættulegan kost a "moðhausakenningu" ef andstæðingurinn væri ekki afmarkaður við USA. Hins vegar væri fyrri tillagan lagmarksgrundvöllur. Kannski er lagmarksgrundvöllur nu orðið afmarkaður grundvöllur? Flutningsmenn breytingarinnar bentu a að ekki væru allir sammala um að Bandarikin væru höfuðandstæðingurinn alls staðar i heiminum. Upprunalega tillagan var samþykkt. Formaður hinna nyju samtaka var kjörinn Örn Olafsson. Fyrst um sinn a.m.k. munu aðeins tveir hopar starfa þar. Afriku- og S-Amerikuhopur.

BSRB: Rýmri verkfallsrétt

Samkvæmt verkfallsréttarlögunum fra 1976 sem nu koma til framkvæmda i fyrsta sinn hafa einstök aðildarfelög engann verkfallsrett, heldur er hann hja heildarsamtökunum. Verkfallsretturinn nær einnig aðeins til rammasamningsins en ekki til sersamninga felaganna. Samningsaðstaða hinna einstöku felaga er því jafnslæm sem fyrr. Enn verða þau að luta urskurði "hins hlutlausa" Kjaradoms rikisvaldsins. Reynslan af Kjaradomi er hins vegar su að i domum sinum tekur hann aðeins mið af oskum og vilja rikisvaldsins en hefur að engu rökstuddar kröfur launþega um kjarabætur. Þegar felögin eiga að semja um sinar serkröfur (s.s. vinnuaðstöðu. röðun i launaflokka o. fl.) hafa þau ekki það afl til að na þeim fram sem verkfallsvopnið gefur. Því er bryn nauðsyn fyrir opinbera starfsmenn að na þegar fram rymkun a samningsrettinum.

Aroður gegn verkfallsretti.

Borgararnir og rikisvald þeirra vita mætavel hver styrkur verkfallsvopnið er fyrir verkalyðinn. Þess vegna hafa þeir rekið stöðugan aroður fyrir því meðal felaga BSRB að hag þeirra se betur borgið an verkfallsrettarins. "Rök" þeirra og handbenda þeirra hafa m.a. hljomað a þessa leið: "fai opinberir starfsmenn verkfallsrétt verða þeir að afsala ser æviraðningunni" og "verkföll eru oþarfa baggi fyrir okkur, því við faum-an barattu-alltaf sambærilegt við það sem ASI semur um": Slikur aroður hefur því miður att greiða leið inn i raðir opinberra starfsmanna, svo storir hopar þeirra eru enn andsnunir allri rymkun a verkfallsrettinum. En samt sem aður fer þeim sifellt fjölgandi sem sja nauðsyn þess að retturinn verði rymkaður. I atkvæðagreiðslu haustið 1975 um það hvort opinberir starfsmenn vildu fullan samningsrett, var yfirgnæfandi meirihluti því fylgjandi. Að visu var þatttakan i atkvæðagreiðslunni ekki nogu goð. Aroður og umræða um verkfallsrettarmalið verða því að halda afram og af miklu meiri krafti innan raða BSRB. Framsækið folk innan felaganna verður að bindast samtökum um að halda malinu vakandi og knyja a um framkvæmd þess. Öðrum kosti getur forystan latið við það sitja að setja fram kröfuna um fullan verkfallsrett an þess þo að standa a henni i samningum við rikisvaldið.

Samningsvaldið til felaganna.

Í kröfugerðinni sem BSRB hefur nu lagt fram er að finna mörg atriði sem fremur ættu heima innan serkröfugerðar einstakra felaga. Sem dæmi ma nefna kröfurnar um vinnutímastyttingu hjá kennurum. Með þessu reynir forystan að "fara framhja" lögunum og taka sum þeirra mala sem litil von er talin a að rikið samþykki ut ur serkröfunum og setja þau inn i aðalkjarasamning. Þarna er farið inn a braut sem er bæði röng og hættuleg. Samningsvaldið er dregið fra felögunum enn meira en komið er. Það er einnig i meira lagi hæpið að lata opinbera starfsmenn samþykkja eða hafna samningsdrögum sem samanstanda af fjölda atriða þeim oviðkomandi, og sem þeir hafa haft mjög skamman tima til að kynna ser. Slikt er vart til þess fallið að byggja upp þa samheldni sem er nauðsynleg til að fa 50% þatttöku i atkvæðagreiðslu um samningana.

I kröfugerðinni felst því viðurkenning a því (og i rauninni osk um) að felögin sjalf hafi sem minnstan samningsrett, heldur eigi völdin að vera i höndum aðalsamninganefndar. I stað þess að taka ur höndum felaganna sermal þeirra vegna þess að felögin hafa ekki verkfallsrett verður að viðurkenna þörfina a honum. Ef rikisvaldið er ekki til viðræðu um að veita felögunum slikan rett er vert að hafa i huga orð formanns BSRB a fjöldafundi samtakanna i Haskolabioi fyrir tæpum tveimur arum. Þa sagði hann: "Við faum aldrei verkfallsrettinn nema við tökum okkur hann!"

Hreinn gróði 500 milljónir samt ekki hægt að borga hærra kaup



Frá aðalfundi Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna á Hotel Sögu.



Frá aðalfundi Flugleiða á Hotel Loftleiðum.

Almenningur verður að taka tillit til afkomu fyrirtækja og stöðu þjoðarbus, hefur löngum verið viðkvæði atvinnurekenda við kaupkröfum verkalyðs. Þessi röksemd hefur margsinnis verið notuð til rettlætingar kauphækkunum og smanarsamningum. Meira að segja "verkalyðsforystan" hefur gengist inn a hana og hagað kröfum sinum eða kröfuleysi samkvæmt þvi. Það þarf ekki að fjölyrða um sviksemi slikrar stefnu. Bokhaldstap er ekki mælikvarði á stöðu fyrirtækjanna. Fyrst og fremst vegna afskriftareglna sem gera auðherrunum kleift að skjota undan milljonum krona fra skatti. Þott ekki væri annað, er samþykki verkalyðshreyfingarinnar við rökum atvinnurekenda faranleg. En

hér er ekki um heimsku foringjanna að ræða heldur stafar afstaða "verkalyðsleiðtoganna" af politiskri s töðu þeirra sem fimmta herdeild burgeisastettarinnar innan verkalyðsstettarinnar. Skyldur þeirra og abyrgð tengjast eingöngu hagsmunum auðherranna ekki verkalyðsins.

I ar er ekki hægt að bera við lelegri afkomu fyrirtækjanna. Arsskyrslur og aðalfundir fjögurra af stærstu einokunarfyrirtækjum herlendis afhjupa svo ekki verður um villst allan barlom atvinnurekenda og syna storbætta afkomu fyrirtækjanna. Her er um að ræða Coldwater Seafood Corp., utibu Sölumiðstöðvar Hraðfrystihusanna i Bandarikjunum, Icelandic Products Inc, dotturfyrirtæki SIS i USA, Eimskipafelag Islands og Flugleiðir. Velta fyrstu fyrirtækjanna tveggja jokst um tæplega 50% a s.l. ari. Hreinn groði hinna siðarnefndu nam rumum halfum milljarði.

Her a eftir verður gefið smayfirlit yfir þær helstu niðurstöður sem fram komu a aðalfundum þessarra fyrirtækja.

Coldwater

Niðurstaðan af aðalfundi SH synir glögglega tvennt: Annars vegar að einokunaraðstaða SH hringsins styrkist stöðugt. Hann hefur nu innan sinna vebanda 77,4% af framleiðslu allra hraðfrystihusa a landinu eða meira en 3/4. Hins vegar að fjarmagnsutflutningur isl. auðfyrirtækja til utlanda eykst jafnt og þett. I dag er Coldwater stærsta fyrirtækið sinnar tegundar i Bandarikjunum og eitt hið stærsta i heiminum. Það hefur skotið afturfyrir sig auðfyrirtækjum fra öflugum fiskveiðiþjoðum eins og Noregi og Kanada. Og það hyggst ekki lata við þetta sitja. Nu er fyrirhuguð bygging nyrrar fiskiðnaðarverksmiðju i Boston sem mun hafa gifurlegan kostnað i för með ser.

Arið 1976 var velta fyrirtækisins i USA 27,6milljarðar krona Það merkir 45% aukningu fra 1975. Framleiðsluaukningin nam 9,6%(ur 64.916lestum i 71.130 lestir). Verðmæti utflutnings frystihusa innan SH var a s.l. ari 20,6 milljarðar. Þetta eru háar tölur. Skyldi ekki vera hægt að greiða hærra kaup fyrst allt gengur svona vel? Nei, ekki aldeilis. Þratt fyrir bætta afkomu og storaukna veltu lysti Gunnar Guðjonsson stjornarformaður SH þvi yfir að fyrirtækið gæti ekki tekið a sig aukinn kostnað(vegna launahækkana) an þess að stöðu þess væri stefnt i storan voða. Þeir eru samir við sig.

Icelandic Products (SÍS)

Dótturfyrirtæki SÍS í USA var ekki heldur a flæðiskeri statt seinasta ar. Velta þess nam 9 milljörðum og 300milljonum krona. Aukning fra fyrra ari var 42,5%.

Bæði SH og SÍS lýstu yfir mikilli anægju með afkomuna sem og markaðshorfur. Enda ætla bæði fyrirtækin að leggja uti nýja fjárfestingu í Bandaríkjunum sem kosta munu hundruð milljona.

En hvernig stendur þá á þessum stöðuga barlomi gagnvart rettindakröfum þess folks sem skapað hefur auð þessarra fyrirtækja, verkalyðnum? Hvernig getur SH byggt nyja verksmiðju þegar peningar eru ekki einu sinni fyrir hendi til að greiða starfsfolkinu kaup til að lifa af? Spyr sa sem ekki veit ?

Eimskip og Flugleiðir.

Eimskipafélagið er frægt fyrir obilgirni sina gagnvart verkalyðnum i samningum og rettinda malum hvers konar. Það er þvi froðlegt að skoða astandið i þeim herbuðum nu. Skyldi kugun fyrirtækisins a verkamönnum um hafa borið einhvern arangur Ja, svo sannarlega. A aðalfundi felagsins nylega var samþykkt að greiða 10% arð til hluthafa (a moti aðeins 2,95% hja Flugleiðum) Samtimis var lyst yfir að felagið gæti omögulega staðið undir auknum utgjöldum s.s ef kaupkröfur verkafolks næðu fram að ganga. Akveðið var að vegna goðrar afkomu skyldi hlutafe fyrirtækisins aukið um 10% svo unnt væri að þenja ut starfsemi felagsins.

En það er fra aðalfundi Flugleiða sem storkostlegustu tölurnar berast um utþenslu og groðaaukningu einokunarfyrirtækjanna. Skyrslur Flugleiða syna goða afkómu a flestum sviðum. Heildartekjur jukust ur 12.109milljonum 1975 i 15.701milljonir 1976. Afskriftir namu 466milljonum og hreinn groði var 462 milljonir. Fram kom a aðalfundinum að afgangur til raðstöfunar samkvæmt rekstrarreikningi siðasta ars er samtals 685milljonir a moti 512 milljonum arið aður.

Tekið skal fram að her er ekki einungis um að ræða rekstur flugfelaganna beggja Loftleiða og FI. Samsteypan nær yfir fjölda dotturfyrirtækja og hlutdeildarfyrirtækja s.s. Air Bahama, Cargolux, Hotel Loftleiðir Bilaleigu Loftleiða ofl. ofl

Samtals veltu þessi fyrirtæki um 30milljörðum.

Aðalfundurinn samþykkti að greiða hluthöfum 2,95% arð jafnframt þvi sem lyst var yfir að aukinn launakostnaður gæti hreinlega kippt fotum undan fyrirtækinu.

Ekki hægt að borga hærra kaup

Ef niðurstöður þessarra fjögurra aðalfunda eru dregnar saman kemur i ljos að tvennt er þeim öllum sameiginlegt.

I fyrsta lagi að afkoma fyrirtækjanna hefur sjaldan eða aldrei verið betri og mögulegt er að greiða han arð til hluthafa.

I öðru lagi að enginn þeirra telja ser fært að greiða hærra kaup til starfsfolksins. Verkafolk skal SKO ALDEILIS ekki fa neina hlutdeild i milljonagroðanum.

En við segjum : Hingað og ekki lengra. Undanfarin ar hefur verkalyðurinn verið neyddur til omælanlegra forna vegna lyðskrums um slæma stöðu atvinnufyrirtækjanna. Og nu þegar veltan eykst vilja auðmennirnir halda afram a sömu braut og herða kjaraskerðinguna.

Það er kominn tími til að sýna þessum herrum hvar Davið keypti ölið. Felagar, fram til barattu.

FRAMHALD AF BAKSÍÐU

Ræða Sigurðar Jóns Ólafssonar á 1. maí

ra stofnana i höndum mútuþægrar verkalýðsforystu, sem fyrir löngu hefur yfirgefið grundvöll verkalýðsstéttarinnar. Þess vegna leggjum við í dag höfuðáhersluna í verkalýðsmálum á vígorðin: Lífvænleg laun fyrir 40 st. vinnuviku. Gegn stéttasamvinnu ASÍ - Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum.

Svo vikið sé að ástandinu í heiminum í dag þá einkennist það fyrst og framst af tvennu: Annars vegar er stríðsundirbúningur risaveldanna, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, sem ógna tilveru mannkynsins með heimsvaldabrölti sínu; hins vegar er sívaxandi barátta kúgaðra og smárra þjóða fyrir fullu sjálfstæði og frelsi. Bandaríkin eru smám saman að missa forréttindaaðstöðu sína sem heimsvaldasinnað ríki, er reynir að teygja arðránsklær sínar yfir allar jarðir. Á hinn bóginn eru Sovétríkin smám saman að efla aðstöðu sína í þriðja heiminum og þau eru ekki aðeins hættulegri óvinur fyrir þær sakir, heldur líka vegna þess að þau koma fram í gervi sósíalisma og þjóðfrelsis og reyna að ná ítökum í frelsishreyfingum þriðja heimsins til að sundra þannig samstöðu alþýðunnar og gera þau lönd, er aður börðust gegn heimsvaldastefnunni sér háð. Angóla er einkar skýrt dæmi umþetta og innrás sósíalheimsvaldasinnanna í Zaire sýnir líka ljóslega fram á útþenslustefnu þeirra. Alþýða heimsins verður því að vera á varðbergi gagnvart risaveldinu í austri, jafnframt því sem hún berst gegn heimsvaldaásælni Bandaríkjanna.

Heimsvaldastefnan nálgast nú óðfluga sitt dauðastríð. Það sýnir vaxandi barátta kúgaðra og undirokaðra þjóða fyrir fullu sjálfstæði og frelsi. Á síðustu árum hafa nokkur lönd hrundið af höndum sér árásarstefnu heimsvaldaríkjanna og brotið af sér hlekki arðráns og undirokunar. Við minnumst sigursællar baráttu alþýðu Víetnam, Laos og Kambódíu. Og alþýðan í fjölmörgum ríkjum Afríku Asíu og Rómönsku Ameríku hefur í sívaxandi mæli tekið sér vopn í hönd og berst nú hetjulegri baráttu gegn heimsvaldastefnunni. Sósíalisminn er hvarvetna í sókn.

Við hér á Íslandi verðum að veita þessari baráttu kúguðu þjóðanna fullan stuðning. Það gerum við best með því að berjast gegn áhrifum og ásókn risaveldanna í íslenskt þjóðlíf. Við verðum að berjast gegn veru Íslands í Nató og fyrir brottför bandaríska herliðsins af Keflavíkurflugvelli til að tryggja fullan sjálfsákvörðunarrétt íslensku þjóðarinnar, jafnframt því sem sú barátta er mikilvægur stuðningur við kúguðu þjóðirnar. Þess vegna leggjum við í dag höfuðáhersluna í and-heimsvaldasinnuðu baráttunni á vígorðin: Gegn stríðsundirbúningi risaveldanna. Ísland úr Nató - herinn burt.

Kommúnistaflokkur Íslands/ marxistar-lenínistar er stjórnmálaflokkur íslenskrar verkalýðsstéttar. Hann er réttmætur arftaki þess gamla Kommúnistaflokks Íslands er til var á árunum 1930-38, og stofnun hans varð nauðsynleg"vegna svika endurskoðunarsinna og úrkynjunar Kommúnistaflokksins gamla í borgaralegan flokk", eins og segir í stefnuskrá flokks okkar. Í dag leggjum við áherslu á samfylkingu verkalýðs og vinnandi alþýðu til sjávar og sveita á grundvelli stéttabaráttunnar. Við verðum að skipuleggja og sameina alla mögulega krafta á þessum grundvelli í verkalýðsmálum, í andheimsvaldssinnuðu baráttunni, í baráttunni fyrir jafnrétti kynjanna og fyrir hagsmunum verkalýðsæskunnar Höfuðþungann verður að leggja á starf meðal iðnverkalýðsins, á vinnustöðunum og innan verkalýðsfélaganna. Við eigum mikið starf fyrir höndum sem krefst fórnfýsi og þolinmæði. Lokamarkmiðið er enn langt undan, en baráttan er rétt að hefjast.

Lifi Kommúnistaflokkur Íslands - forystuaflið í verkalýðsbaráttunni.

Lifi eining verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar.

SJÓMANNADAGUR DAGUR SJÓMANNA - FRAMHALD

En skrifstofuliðið hjáSR sem ræður öllu innan Sjómannadagsraðs þekkir vist engan annan sjomann.

Sjómannadeginum ber að verja skv. lögum raðsins:"að auka samheldni hinna ymsu starfsgreina sjómannastettarinnar" og "til að kynna lifsbarattu sjomanna og mikilvægi þeirra fyrir þjoðarbuið." Hatiðardagskrain var hins vegar a engan hatt i samræmi við lög og reglugerðir raðsins. Heimskulegt yfirklór Peturs um að ekki mætti rugla saman hatiðareðli dagsins og kjarakröfum tengdum 1. mai breytir þar engu um.

Það sem þo hleypti verstu bloði i menn voru fjalglegar yfirlysingar Jonasar Haraldssonar atvinnuskítpenna LIU um að hin tiðu og hörmulegu slys i islenskum fiskiskipum mætti i flestum tilfellum rekja til heimsku sjomannanna. Af yfirlysingum Jonasar mætti ætla að hann hafi aldrei komist nær sjonum en i Nautholsvikina.

Korona sköpunarverksins voru svo tvær"snjallar ræður" Matthiasar Bjarnasonar boksala. Fyrri daginn talaði hann sem heilbrigðis-og tryggingarmalaraðherra en siðari daginn sem raðherra braðairgðalaga. Var mal manna fyrir hatiðarhöldin að Matthias hafi verið Petri vini sinum þakklátur fyrir að fa að tala baða dagana, annar dagurinn hefði hvergi nægt honum til að rettlæta 6. sept lögin. Þegar a holminn kom lét boksalinn ser hins vegar nægja að tiunda önnur afrek stjornarinnar s.s að landverkafolk hafi orðið að þola enn meiri kjaraskerðingar en sjómenn a siðastliðnu ari. 6/6 77

Viðtal...frh AF BAKSÍÐU

trúnaðarráðsfundi bar stjornin upp tillögu um að fara ekki i verkfall og var hun samþykkt með 16:11.

Stb: Er eitthvað sem þu vildir segja að lokum?

Sv: Eg vil eindregið mæla með þvi að konur verði virkari felagar innan Soknar. Komi sinum malefnum a framfæri og reyni af fremsta megni að fa leiðrettingu sinna mala gagnvart vinnunni sem slikri og gagnvart laununum sem eru til haborinnar skammar. Þvi segi eg: Felagar i Sokn. Risum upp og latið ekki endalaust troða a okkur!



Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Útg: Kommúnistaflokkur Íslands m-l.
21. tbl. 6. árg. 7/6 1977

STÉTTABARÁTTAN
-kemur út vikulega-
Sími: 27810.
Gíró: 27810-6.

Ábyrgðarm: Sigurður Ingi Andrésson.

Sigurður Jón Ólafsson
Möðrufelli 15
R.

Carter og "nýja stefnan"

Fyrir skömmu boðaði Carter bandaríkjamönnum "nyja" utanrikisstefnu. Þessi nyja stefna a ekki að byggjast a gömlu grundvallarreglunum um að allt se gott sem snuist gegn kommunisma. Hin nyja stefna a að leggja önnur sjonarmið til grundvallar eða eins og Carter sagði i Notre Dame-haskolanum i South Bend, Indiana :"Þa a utanrikisstefnan að byggjast a fimm meginatriðum": I fyrsta lagi skyldi stefna okkar miðast við grundvallarskuldbindingar þjoða okkar um að vinna að framgangi mannrettinda.
I öðru lagi skyldi stefna okkar byggja a nainni samvinnu iðnvæddra lyðræðisrikja, vegna þess að gildismat okkar og annarra slikra rikja er hið sama og vegna þess að sameinuð getum við hjalpað til þess að veita öllum mönnum mannsæmandi lifskjör.

Stefna okkar, byggð a sterkri varnargetu, verður einnig að að ganga ut a að leitast við að bæta samskiptin við Sovetrikin og Kina..... verðum við að na malamiðlunum sem draga ur striðshættu.

Einnig verður stefna okkar að na til þrounarlandanna, ... mjokka gjana milli rikra og fatækra i heiminum.
Að lokum hlyt eg að hvetja öll riki til þess að hefja sig yfir þröng þjoðarhagsmunasjonarmið og vinna í sameiningu að því að leysa ógnþrungin heimsvandamal eins og hættuna a kjarnorkustriði, kynþattahatur, vigbunaðarkapphlaupið, mengunarhættu, hungur og sjukdomá".

Þetta eru i storum drattum þau fimm atriði sem Carter segir að utanrikisstefna Bandarikjanna muni byggjast a i framtiðinni. Þessi nyja stefna er vissulega a ytraborðinu frabrugðin kaldastriðsstefnunni þegar otti Bandarikjanna við kommunismann leiddi til þess að þeir föðmuðu að ser"hvern þann einræðisherra, sem einnig var haldinn þessum otta".

Hvert er i raun þa hið breytta viðhorf? Hafa þeir hugsað ser að snua baki við þeim einræðisherrum sem þeir nu styðja, eða ætla þeir að afletta kugunar- og arðransaðgerðum gagnvart þriðja heiminum? Engin merki sjast i þa att og tæpast verður það lesið ut ur ræðu Carters þegar grannt er skoðað.

Það sem raunverulega byr að baki er að gera nauðsynlega andlitslyftingu a bandariskri utanrikisstefnu. Það fer til dæmis ekki hja þvi að banda-riskir heimsvaldasinnar finni storan mun a þvi hvað þeim gengur miklu verr að na nauðsynlegri fotfestu i þriðja heiminum nu en aður. Hvarvetna eru þeir a undanhaldi og missa fotfestu. Leppstjornir þeirra falla hver af annarri og þeirra sjonarmið eiga ekki lengur eins öruggan meirihluta a þingum Sameinuðu þjoðanna eins og aður. Eitthvað "rottækt" varð þvi að gera. A einhvern ahrifarikan hatt varð að höfða til hinna nyfrjalsu rikja Asiu og Afriku til að verja hagsmuni Bandarikjanna. Þess vegna var leitað um öll Bandarikin að nyjum athafnasömum og hæfilega frjalslyndum manni til að gerast boðberi hinnar nyju stefnu. Carter var einmitt sa retti fyrir bandarisku heimsvaldastefnuna. Hann var ekki synilega tengdur dökkri fortið bandariskrar utanrikisstefnu og gat þvi ohikað boðað hina nyju tima. I stað gömlu nylendu- og kynþattastefnunnar segjast Bandarikin vilja vingast við riki þriðjaheimsins og skipa litaðan mann sem sendiherra hja Sameinuðu þjoðunum. Sjalfsagt alykta þeir að litaður maður eigi auðveldara með að na til þjoða Asiu og Afriku heldur en hvitur maður. Innihaldslega hefur ekkert breyst i utanrikisstefnu Bandarikjanna það eina sem hefur breyst er að nu a að beita öðrum aðferðum til að halda þeirri stöðu sem Bandarikin hafa i dag. Það a að halda stifar utan um sitt og efla samstöðu NATO-rikja til að tryggja öryggi bandariskra auðhringa, um leið og reynt verður að vingast við nyfrjals riki Asiu og Afriku.
Þessi nyja stefna taknar vissan undanslatt en um leið er þetta tilraun bandariska heimsveldisins til að halda fastar utan um það sem þeir þegar eiga og missa ekki meir af þvi en orðið er. Það ma jafnvel finna þessari stefnu Carters samsvörun i stefnu Bretlands og Frakklands rett fyrir siðari heimstyrjöldina. Þá reyndu hömlu heimsveldin einmitt að finna einhverja leið til að viðhalda obreyttu astandi gagnvart annars vegar þysku striðsvelinni, sem var albuin til striðs, og hins vegar framras sosialismans viða um heim.

Astand heimsmalanna í dag minnir okkur a að við lifum fyrirstriðsar en ekki eftirstriðsar.



"Stéttarfélögin verði virk baráttutæki"

Ræða Sigurðar Jóns Ólafssonar á 1.maí

Félagar.
Í dag höfum við fylkt liði til að leggja áherslu á mikilvægustu baráttumál verkalýðs og allrar vinnandi alþýðu, jafnt hér á Íslandi sem alþjóðlega, á sviði jafnréttisbaráttu kynjanna sem og þau er snerta hagsmuni verkalýðsæskunnar. Á öllum þessum sviðum höfum við lagt áherslu á stefnu stéttabaráttunnar, stefnu marxismans-lenínismans, á meðan ASÍ-forystan, Alþýðubandalagið og þeirra hlaupatíkur hafa hafið á loft fána stéttasamvinnu og endurskoðunarstefnu. Á undanförnum árum hafa þessi tvö ósættanlegu sjónarmið komið æ betur í ljós í hinum kapítalíska heimi; annars vegar stefna stéttabaráttunnar, sem berst fyrir einingu verkalýðs og allrar alþýðu á stéttarlegum grundvelli gegn kúgun og arðráni auðvaldsins ; hins vegar stefna stéttasamvinnu, sem hvetur verkalýðinn til sátta og uppgjafar við auðvaldið og fær hann til að trúa því, að það þjóðskipulag, sem hann býr við sé óumbreytanlegt.

Þessar tvær stefnur eða línur hafa komið hvað greinilegast í ljós innan verkalýðshreyfingarinnar. Forystusauðir Alþýðubandalagsins eru helstu boðberar stéttasamvinnu og endurskoðunarstefnu á Íslandi. Þeir hafa haft töglin og hagldirnar innan verkalýðshreyfingarinnar í rúma þrjá áratugi og við sjáum árangurinn af starfi þeirra í dag. Verkalýðurinn verður að afla nær helming sinna tekna í yfirvinnu til að geta haft í sig og á, hann verður að leggja nótt við nýtan dag til að endar nái saman. Virkni verkafólks í kjaradeilum er í algjöru lágmarki, fundir í verkalýðsfelögum eru illa sóttir og kröfurnar eru mótaðar á skrifstofum verkalýðsfélaganna en ekki á vinnustöðunum. Endurskoðunarsinnunum hefur tekist að miklu leyti að berja niður allan baráttuvilja og alla samstöðu meðal verkamanna.

Á síðasta Alþýðusambandsþingi boðuðu þessir foringjar að nú væri tímabili varnarbaráttunnar lokið, nú skyldi hefja öfluga sókn. Og hver voru svo sóknaráform ASÍ-foringjanna? Jú, 100 þús.kr. lágmarkslaun. Þessi krafa á að ná upp sama kaupmætti og þegar síðast var samið. Sem þýðir ekkert annað en áframhaldandi kjaraskerðing. Ef 100 þús.kr. krafan verður að veruleika, þarf verkafólk eftir sem áður að leggja á sig yfirvinnu til að geta lifað af launum sínum. Slíkri verkalýðsforystu getur hinn almenni félagsmaður ekki treyst.

Kommúnistaflokkur Íslands er eina stjórnmálaaflið á Íslandi í dag, sem heldur á lofti kröfunni um lífvænleg laun fyrir 40 st. vinnuviku. Þessi krafa er þýðingarmesta krafan í hagsmunabaráttu verkalýðsins í dag og hún hefur reyndar ávallt verið það þar sem öflug verkalýðshreyfing hefur risið. Þessi krafa hefur jafnframt pólitísku hlutverki að gegna. Meðan verkalýðsstéttin er tilneydd til að leggja á sig stórfellda eftirvinnu er ljóst að hún getur ekki stundað félagsstarfsemi að nokkru marki. Þá aðstöðu verður að skapa, að verkalýðurinn geti tekið fullan þátt í félagslegu og pólitísku starfi.

Kommúnistaflokkur Íslands berst fyrir samfylkingu verkalýðsins á grundvelli stéttabaráttunnar. Hann berst fyrir virkri þátttöku verkamanna í kjarabaráttunni, að kröfurnar verði mótaðar og ræddar meðal félagsmanna sjálfra, á vinnstöðum og innan fagfélaganna. Hann berst fyrir auknu lýðræði innan verkalýðshreyfingarinnar.
Stefna okkar er að stéttarfélögin verði virk baráttutæki í þágu félagsmanna sinna en ekki dauð-

Framhald a síðu 3:

Viðtal við sóknarfélaga

Stb: Hver eru laun soknarfelaga?
Sv: Þau eru misjöfn eftir starfsaldri en byrjendalaun eru 71.116 og alag að auki. Eftir fimm ara starfsaldur eru þau orðin 76.067 plus alag.
Stb: Hvaða störfum gegnið þið? Koma þau ekki inn a verksvið sjukraliða?
Sv: Við sjaum um skuringar og skolin. Þær sem eru á gangi vinna nakvæmlega sömu vinnu og sjukraliðar, enda raðnar i sjukraliðaplass. Soknarstulkur eru notaðar til hins ytrasta sem odyrt vinnuafl, enda vantar mjög bæði sjukraliða og hjukrunarfolk.
Stb: Hvaða starfsmenntun er ykkur boðið uppa?
Sv: Til er aætlun um namskeiðahald fyrir starfsstulkur til að na rettindum sjukraliða En litið sem ekkert hefur komið i framkvæmd. Að visu eru namsskeið haldin öðru hvoru og er eitt i gangi nuna en þar komast færri að en vilja. Mér skilst að með þessu namskeiði naist hærra kaup. Eg held að það se i allt 14% sem leggst ofan á kaupið. Má segja að þarna se kominn fyrsti visirinn að aframhaldandi menntun.
Stb: Hvert er verksvið soknarfelaga?
Sv: Við vinnum a barnaheimilum, elliheimilum og sjukrahusum. I raun megum við aðeins vinna i bitiburi, skoli og skuringum. Enda er það oforsyaranlegt hvernig við erum latnar sinna sjuklingum. Konur sem höfum enga menntun til þess.
Stb: Er það ekki krafa ykkar að fa sjukraliðarettindi?
Sv: Ju, við viljum auðvitað eiga kost a frekari menntun. Eins finnst mer að við ættum að fa sömu laun fyrir sömu vinnu. Þarna er eg komin ut i það að til er starfsheiti a spitölum er nefnist"Aðstoðarmaður hjukrunarfræðings" I þetta starf eru raðnir karlmenn með enga undirstöðumenntun frekar en við en þeir eru rikisstarfsmenn og fa miklu hærra kaup. Þetta hefur skapað mikla olgu hja Sokn sem vonlegt er.
Stb: Hvað með verkföll?
Sv: Megnið af felögum Soknar vilja fara i verkföll, ekki hvað sist skæruverkföll, en þora það ekki af otta við uppsagnir. Einnig hefur ahrif a þær að allt fari i öngþveiti ef þær fari. Þvi er alltaf slegið upp að ef við förum i verkfall þa stoppi allt. Stofnanirnar fyllast af ohreinindum og hver eigi að fara i bitiburið. Eins þær sem vinna a gangi. Þa hlaðist su vinna a sjukraliða og hjukrunarkonur, og þær komist ekki yfir að sinna henni. Eg tel hins vegar að aðrar starfsstettir a sjukrahusum seu það fjölmennar að þær eigi að geta tekið þessi störf að ser um tima. I stuttu mali: Alltaf höfðað til moðurtilfinningarinnar hja konum.
Stb: Hvað finnst þer um stjorn Soknar?
Sv: Þar er meira um orð en efndir. Aðalheiður hefur gefið stororðar yfirlysingar i Opnu husi og viðar. Aðspurð um verkfall hja Sokn þriðja juni sa hun enga annmarka a þvi og var hörð a að <u>engar</u> undanþagur yrðu gefnar. Siðan kom annað i ljos. A

Framhald a bls. 3

3. þing Víetnamnefndarinnar

Eitt lík jarðað annað grafið upp?

Þriðja þing Vietnamnefndarinnar a Islandi var haldið i Felagsstofnun Studenta s.l. laugardag. Þar var samþykkt að leggja VN niður en stofna i hennar stað "Barattuhreyfingu gegn heimsvaldastefnu". Miklar umræður urðu um, hvert skipulagsform barattan skyldi hafa. Skiptust menn þar aðallega i tvo hopa. Annars vegar voru þeir sem vildu ein allsherjarsamtök yfir alla hopa, sem starfa að einstökum malaflokkum. Hins vegar voru þeir sem vildu að hoparnir hefðu algjörlega sjalfstæða stefnuskra og skipulag en hefðu með ser samstarfsnefnd, þar sem þeir gætu samræmt störf sin og aðgerðir og æskilegt væri að þeir stæðu saman að blaðaútgáfu. Fyrrnefnd afstaða varð ofana. VNI hefur siðastliðið ár ekki verið annað en Afrikuhopur og ovirkur S-Amerikuhopur. Palestinunefndin sem var i VNI setti ser a stofnfundi eigin stefnuskra, lög og skipulag. Þar segir m.a. að Palestinunefndin liti a sig sem full-

FRAMHALD Á SÍÐU 2

GERIST ÁSKRIFENDUR

Stéttabaráttan vikublað